

HÚS OG HÍBYLI

NR. 270 • 7.TBL. • 2010 • VERÐ 1295 KR.

Perlan Patreksfjörður

- Sjóræningjahús
- Linda Björg opnar hótel
- Skipstjórahús

GARÐA
BLAÐID

TÍU TÖFRANDI GARÐAR



ÍSLENSK LÚXUSVILLA Í ARIZONA

Pikknikk í pastel


Skref fyrir skref – borð – svalir – krakkahús

5 690691 190002

HÚS INGU & KRISTJÁNS Í ARIZONA

Í GÖMLU HVERFI Í PHOENIX, Á SVÆÐI ÞAR SEM ÁÐUR VORU RÆKTADAR APPELSÍNUR, HAFA HJÓNIN INGA VALSDÓTTIR OG KRISJÁN SIGURÐSSON, BYGGT DRAUMAHÚSIÐ SITT SEM ER 500 M² Í FUNKISSTÍL MEÐ ÆVINTÝRA-LEGA FLOTTUM GARDI. Á ÞAKI HÚSSINS ER SÓLRAFALKERFIÐ SEM BÝR TIL ALLT RAFMAGN FYRIR HÚSIÐ ÞVÍ HJÓNIN AÐHYLLAST VISTVÆNA HÖNNUN. HANN ER ARKITEKT OG HÜN ER INNANHÚSSARKITEKT.

TEXTI: SIGRÍÐUR ELÍN ÁSMUNDSDÓTTIR MYNDIR: MICHAEL BAXTER





Það mikilvægasta við hönnun þessa húss var samspilið milli húss og garðs, fjölskyldan er mikið úti við og þess vegna er mikilvægt að flæðið sé opið og hurðir stórar.

Hjónaherbergið er einstaklega rúmgott og þaðan er hægt að njóta útsýnisins sem er víst frábært þaðan.



BYGGÐI DRAUMAHÚSIÐ FYRIR EIGINKONUNA

Hún ákvað að flytja heim með strákana þeirra two svo þeir gætu lært íslensku almennilega og bjó hér hér ásamt drengjunum í 3 ár og það var hér sem draumahúsið þeirra var hannað. „Maðurinn minn hafði smávegvis áhyggjur af því að missa okkur á klakann þar sem við vorum ansi ánægð hér, svo hann keypti lóðina og ákvað að byggja draumahúsið fyrir mig svo ég kæmi örugglega aftur til hans; voða sætt hjá honum. Það var dálitið erfitt að vera hér á meðan við vorum að hanna húsið og Kristján flaug fram og til baka á þriggja vikna fresti, oft með tösku fulla af sýnishornum og bæklingum, sem hann leyfði mér að velja úr. Það mikilvægasta við hönnun þessa húss var samspilið milli húss og garðs, en þar sem við erum

„HÚSIÐ ER Í EINFALDUM FUNKISSTÍLL, ÞAÐ ER FREKAR MÍNIMALÍSKT EN SAMT HEIMILISLEGT.“



Stórir gluggar og frábært útsýni einkennir þetta glæsilega hús sem hjónin hönnuðu sjálf fyrir fjölskyldu sína.

mikið úti við er mikilvægt að flæðið sé opið og hurðir stórar. Við vildum líka hafa húsið opið og bjart og öll herbergin tengd inn í eitt stórt aðalrými svo við týndum ekki hvert öðru, en húsið er ansi stórt. Síðan var mikilvægt að hafa allt vistvænt.

INGA UM HÚSID

Heppnaðist húsið eins og þú vildir? Húsið heppnaðist alveg rosalega vel, öll þessi nýja tækni sem fór í það hefur virkað vel en það tók smátmá að læra á allt. Auðvitað voru ýmsar hindranir á leiðinni en ekkert sem tekur að tala um.

Hvað er það besta við húsið? Það er svo margt, en garðurinn er algjölega yndislegur. Síðan er eldhúsið líka frábært með sinni góðu eldavél frá Miele, sem ég er rosalega ánægð með, hún er kölluð „Induction Cooktop“. Stórir ísskápar eru líka nauðsynlegir.

Hvernig myndir þú lýsa stílnum innanhúss? Húsið er í einföldum funkisstíll, það er frekar minímalískt en samt heimilislegt. Þessi still hentar vel svona vistvænum húsum. Við hjónin losuðum okkur við alveg rúmlega helminginn of okkar drasli og ákváðum að einfalda okkar líf og hafa minna í kringum okkur, það er viss léttir í því.

Hvernig er draumahúsið? Það er erfitt að segja en ég held mikið upp á Frank Loyd Wright og ætli draumahúsið sé ekki Falling Water. Ég er ansi hrifin af svokölluðum Arts- and Crafts-stíl, svona í nútímauppsetningu og kannski gerum við svoleiðis hús næst, hver veit, ég er svo heilluð af hinum ýmsum stílum í arkitektúr, algjör alæta, og maðurinn minn er með sama smekk og ég svo að hlutirnir ganga vel.

KRISTJÁN , ARKITEKT HÚSSINS, UM HÖNNUN PESS


Þú hannaðir húsið sjálfur, hvað leið langur tími frá því að húsið var teiknað þar til það var tilbúið? Við fluttum inn í desember 2008. Þetta tók næstum þrjú ár, eitt ár í hönnun og að fá byggingarleyfi og næstum tvö ár í byggingu. Það var gamalt hús á lóðinni fyrir, sem við rifum að mestu leyti en héldum gólfplötunni og sumum útteggjum. Við héldum að það myndi auðvelda okkur verkið en endaði með að vera hausverkur.

Hvað er húsið stórt? 500 fermetrar, fyrir utan bílskúrana, sem eru 100 fermetrar.

Varstu að hanna draumahúsið? Það má segja það, á þessum stað og á þessum tíma. Þó að við höfum alltaf ætlað okkur að selja innan nokkura ára þá var það hannað utan um fjölskylduna, með öllu því besta sem við gátum hugsað okkur að hafa í draumahúsinu.

Hvernig er að hanna fyrir sjálfsan sig? Það er náttúrlega langbest. Enginn til að svara nema eiginkonan. Eini gallinn er að maður fær ekki borg-að fyrir það.

I hvornig umhverfi er húsið? Við erum inni í miðri borg, Phoenix, Arizona, í gömlu hverfi sem kallast Arcadia. Það var upprunalega byggt í kringum 1960, en fyrir þann tíma voru ræktandaðar appelsínur á þessu svæði og þess vegna eru mörg gömul appelsínutré í görðum í hverfinu sem er mjög eftirsótt, enda í hjarta borgarinnar.



Eldhúsið er í miðju hússins og er í uppáhaldi hjá Ingu sem segir eldavélina einstaka og að stóru ísskáparnir séu ómissandi.





Uppáhaldsstaður Kristjáns í húsinu er skrifstofan á efri hæðinni, en þaðan er frábært útsýni í allar áttir og stórar svalir þar sem gott er að slappa af.



Sundlaugin er næstum 20 metra löng og Kristján segist synda í hálfíma flesta morgna.

„Í BAKGARDINUM ER STÓR SUNDLAUG OG HEITUR POTTUR, ÚTIELDHÚS OG TVÖ STÓR TRAMPÓLÍN MEÐ STÖKKPÖLLUM ALLT Í KRING SVO PAÐ ER NÓG AÐ GERA FYRIR ALLA Í FJÖLSKYLDUNNI.“

Hvar fíkkstu innblástur þegar þú hannaðir húsið? Það má segja að grunnhugmyndin komi frá „Bauhaus“ og The „International Style“ frá fyrrípart síðustu aldar. Þar voru algjörir snillingar á ferð; frumkvöðlar sem lögðu hornstein að nútímaarkitektúr.

Hefurðu teiknað fleiri hús í þessum stil? Ég hef nær eingöngu verið að hanna skrifstofu-, verslunar- og iðnaðarhúsæði á mínum ferli hingað til, en fá hús. Þetta er það fyrsta í þessum stil en ekki það síðasta. Ég er þegar búinn að hanna okkar næsta hús sem verður í svipuðum stil en á einni hæð og talsvert minna.

Gætir áhrifa frá Íslandi í hönnun þinni almennit? Ætli það ekki. Maður býr ekki á stað í tuttugu ár án þess að það móti mann að vissu leytí.

Hvað er það besta við húsið? Það er nú svo margt. Frá hagsýnissjónarmiði er það sólrafalkerfið ofan á þakinu sem býr til allt rafmagn fyrir húsið, úr geisluum sólarinnar. Hér er rafmagn mun dýrar en á Íslandi en meira en nóg af ókeypis sól. Uppáhaldsstæðurinn minn í húsinu er skrifstofan á efri hæðinni, þaðan sem frábært útsýni er í allar áttir og stórar svalir þar sem gott er að slappa af.

Hvað er garðurinn stór og hannaðir þú hann líka? Lóðin er um 2,500 m², og hver fermetri er hannaður og nýttur til hinnt ytrasta. Stórar rennihildir opna húsið bæði að framan og aftan og tengja það við garðinn í báðar áttir.

Notið þið garðinn mikið allt árið? Já, eiginlega. Yfir hásumarið fórum við ekki út í garð nema bara á morgnana og á kvöldin því það er allt of heitt þar yfir daginn. Í framgarðinum er hálfur körfuboltavöllur, badminton- og blakvöllur. Í bakgarðinum er stór sundlaug og heitur pottur, úteldhús og tvö stór trampólín með stökkipplum allt í kring svo það er nóg að gera fyrir alla í fjölskyldunni.

Hvað er það besta við garðinn? Sundlaugin, án efna. Hún er næstum því 20 m löng og ég reyni að synda í hálftíma á hverjum morgni. Strákarnir okkar myndu sennilega segja að körfuboltavöllurinn og trampólínin væru það besta við garðinn okkar.

Erekki erfitt að ákveða að selja hús sem þið hafið sérhannað fyrir ykkur sjálf? Nei, nei. Þetta var allt hannað og byggt í þeim tilgangi.

Hvar lærdið þú arkitektúr? Ég lærdi hér í Phoenix, í Arizona State University.

Hver er þinn uppáhaldsarkitekt? Það er svo mikið til af góðum arkitektum út um allan heim. Af gömlu meisturunum verð ég að segja að Gerrit Rietveld, Walter Gropius, Le Corbusier, Phillip Johnson og Frank Lloyd Wright.

Hvaða bygging finnst þér fallegust í heiminum? Það er til svo mikið af fallegum byggingum út um allan heim að það er ekki hægt að að velja eina. Tilkomumesta byggingin sem ég hef komið í er sennilega St. Péturskirkjan í Róm, en hún tók alveg úr manni andann.



Hjónin Kristján og Inga hönnuðu húsið sitt sjálf og vildu hafa það opið og bjart og öll herbergin tengd inn í eitt stórt aðalrými svo þau týni ekki hvert öðru í þessu 500 m² húsi.

KJÖT GÁLGÍNN

- HANS KRISTJÁNS

„Algjörlega ómissandi.“



Þau sem hafa orðið sér út um Kjötgálgann hans Kristjáns segja hann „algjörlega ómissandi“ við grillið.
Þau hafa kynnt því af eigin raun hversu þægilegt og oruggt það er að skorða lærið beint af grillinu á Gálgann. Allur skurður verður fullkomlega auðveldur og nákvæmur. Bakkinn tekur svo við öllum safa



Gálginn er hannaður af Kristjáni Sveinssyni og er hver og einn gálg í raun smiðaður af honum sjálfum eftir pöntun. Eins og myndin af Gálganum ber með sér er hægt að „brennimerkja“ á bakkann nöfn eigenda og skreyta að vild. Þá er vinsælt að merkja hann nöfnum sumarbústaða, bæja og fyrirtækja. Gálginn er því tilvalin tækifærsgjöf.

Verð á Gálganum er 12.500 kr. og er merking að ósk kaupanda innifalinn í verði. Vinsamlegast hafið samband.



JAKOB & EUGLÓ
ETCI DREKKIÐ OG VERÐA GLADR,
BY A MORGUN FOSCAM VID



KRISTJÁN SVEINSSON
Sími: 898 3215
skogarholl@gmail.com
Sjá nánar á: www.kvika.is/galginn